



Arctic Hydro ehf.
Katrínartún 2
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 13. desember 2018
Tilv. 2018-11-12-2631

Efni: Varðar Hólsvirkjun í Hólsdal og Gönguskarði

Í umsókn dagsettri 16. október síðastliðinn leitar Arctic Hydro ehf. eftir heimild til að reisa Hólsvirkjun í Hólsdal og Gönguskarði. Áformað er að stöðvarhús verður á bökkum Fnjóskár. Umsókninni fylgja jafnframt upplýsingar um framkvæmdina, umsögn Tuma Tómassonar fiskifræðings, varðandi möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið, aðalskipulag og deiliskipulag vegna virkjunarinnar og samþykki landeigenda. Ekki er starfandi veiðifélag á beinu áhrifasvæði virkjunarinnar en framkvæmdin varðar Veiðifélag Fnjóskár.

Í umsögn Tuma Tómassonar um framkvæmdina kemur m.a. fram:

„Góður veiðistaður er í Fnjóská nokkru fyrir ofan ármót við Árbugsá. Útfall fyrrihugaðarar virkjunar verður skammt fyrir ofan þennan stað og má búast við að það hafi áhrif á hvar lax á göngu muni staldra við. Veiðifélag Fnjóskár og Stangveiðifélaginu Flúðum sem er leigutaki árinna til lengri tíma hafa fjallað um málið og náð samkomulagi við virkjunaraðila um mótvægisáðgerðir“

Einnig kemur fram:

„Það er niðurstaða þessarar úttektar að fyrirhuguð virkjun muni hafa óveruleg áhrif á framleiðslu laxfiska og nýtjar þeirra á vatnasvæði Fnjóskár og skiptir endanlega stærð virkjunar litlu máli í því samhengi“

Tiltekið er að samkomulag hafi náðst um mótvægisáðgerðir vegna frágangs á útfalli frá virkjuninni milli Veiðifélags Fnjóskár og virkjunaraðila. Í umsókn er ekki vikið að því í hverju þær áðgerðir felast. Fiskistofa bendir á allar framkvæmdir við veiðivötn eru háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Einnig bendir Fiskistofa á að fiskrækt er háð því að fyrir liggi gild fiskræktaráætlun sbr. lög nr. 58/2006 um fiskrækt, með síðari breytingum.

Að teknu tilliti til umsagnar TumaTómassonar fiskifræðings og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum fellst Fiskistofa á að Arctic Hydro ehf. reisi Hólsvirkjun í Hólsdal og Gönguskarði í samræmi við lýsingu á henni í deiliskipulagi. **Haft verði samráð við Veiðifélag Fnjóskár vegna framkvæmdanna og tekið verði mið af athugasemdum veiðifélagsins vegna hugsanlegra áhrifa útfalls virkjunarinnar á veiði í Fnjóská.** Fiskistofa bendir á að það er á ábyrgð framkvæmdaáðila að uppfylla lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum til þess að framkvæmdin geti farið fram. Heimildin gildir til 14. desember 2019.



FISKISTOFA
TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (17.200 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 1185/2017. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Virðingarfyllst,

Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs